

FUNDARGERÐ

Miðvikudaginn 19. september 2012 kl. 11:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi á 4. hæð, Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Árni Rúnar Þorvaldsson, Bjarni Jónsson og Þórunn Egilsdóttir, ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Björk Þorsteinsdóttir var fjarverandi vegna veikinda.

Guðmundur Bjarnason, formaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega bauð hann Árna Rúnar Þorvaldsson velkominn til starfa sem varamann Hermanns Jóns Tómassonar en Hermann er nú í ársleyfi frá störfum í nefndinni. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐIR

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 30. júlí 2012. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

ÁRSUPPGJÖR 2011

Ársuppgjör Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagður var fram til kynningar endurskoðaður og undirritaður ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2011. Gerð var grein fyrir einstaka tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi, eignum og skuldum í efnahagsreikningi og farið yfir skýringar með ársreikningnum.

Fram kom að stærsti hluti skammtímakrafna í efnahagsreikningi, eða kröfur að fjárhæð samtals 593,3 m.kr., væri tilkominn vegna greiðslu Jöfnunarsjóðs á framlögum í janúar 2011 til sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra þar sem 0,95% hlutdeild Jöfnunarsjóðs í álagningarstofni útsvars vegna janúar barst sjóðnum ekki fyrir en í febrúar. Starfshópi samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga var falið að fjalla um vandann og koma með tillögu að lausn hans. Hópurinn lagði til að um þrjúþætta lausn yrði að ræða með aðkomu sveitarfélaga/þjónustusvæða, Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á grundvelli heimildar í reglugerð um sjóðinn og ríkissjóðs.

Hlutur sveitarfélaga/þjónustusvæða væri 225 m.kr. og hefðu 75 m.kr. þar af komið til greiðslu á árinu 2011 og 150 m.kr. á árinu 2012. Hlutur Fasteignasjóðs væri 233,8 m.kr. og var sú fjárhæð bókfærð sem inneign Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hjá Fasteignasjóði í árslokin 2011 en hefði nú komið til greiðslu. Enn lægi ekki fyrir samþykki ríkisins um aðkomu að lausn vandans hvað 209,5 m.kr. framlag varðar.

Tekjuhalli ársins af rekstri sjóðsins var um 353,8 m.kr. og eigið fé í árslok 2011 um 291,9 m.kr. samanborið við 645,7 m.kr. í árslok 2010. Eigið fé sjóðsins hefur því lækkað um 353,8 m.kr. frá fyrra ári sem svarar til tekjuhalla ársins. Fram kom að samkvæmt álit Ríkisendurskoðunar væri eðlilegt að eigið fé sjóðsins í árslok næmi um 200 m.kr. og væri því sjóðurinn vel yfir þeim mörkum í árslokin 2011. Í bréfi Ríkisendurskoðunar, dags. 18. september 2012, kemur m.a. fram að stjórnendur séu ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því bæri þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Í álit Ríkisendurskoðunar kemur fram að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2011, efnahagi 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011 í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðaður og undirritaður ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2011 væri samþykktur.

Ársuppgjör Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagður var fram til kynningar endurskoðaður og undirritaður ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2011. Gerð var grein fyrir einstaka tekjuliðum og framlögum sem fram koma í rekstrarreikningi, eignum og skuldum í efnahagsreikningi og farið var yfir skýringar með ársreikningnum. Tekjuafgangur ársins af rekstri sjóðsins var um 146,6 m.kr. og eigið fé í árslok 2011 146,6 m.kr. sem svarar til tekjuafgangs sjóðsins.

Ársreikningurinn verður tekinn til afgreiðslu af ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á næsta fundi nefndarinnar.

Fram kom það álit ráðgjafarnefndar að eðlilegt væri að halda framlögðum ársreikningi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2011 utan ársskýrslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2011.

DRÖG AÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2013

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2013. Í tekjuhlið áætlunarinnar kemur fram að lögbundin framlög frá ríki nemi samtals 12.529 m.kr. Viðbótarframlög frá ríki eru áætluð samtals 2.524 m.kr. og skiptast þannig: Framlag vegna samkomulags um húsaleigubætur 1.668 m.kr. og bein framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra 856 m.kr. Áætlað er að 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu grunnskólans nemi 7.762 m.kr. og 0,95% hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra nemi um 9.576 m.kr. Áætlað er að framlag frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna eflingar tónlistarfræðslu nemi 347 m.kr. mánuðina janúar – ágúst. Áætlaðar hreinar vaxtatekjur sjóðsins á árinu nema 112 m.kr. Áætlaðar heildartekjur sjóðsins á árinu 2013 nema samtals 32.850 m.kr.

Í gjaldahlið áætlunarinnar nema bundin framlög samtals 1.564 m.kr., sérstök framlög 6.321 m.kr. jöfnunarframlög 6.350 m.kr., framlög vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar 7.630 m.kr., framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra 10.432 m.kr. og framlög til eflingar tónlistarnáms 347 m.kr. Áætlaður rekstrarkostnaður nemur 90 m.kr. Áætluð framlög og rekstrarkostnaður nema samtals 32.850 m.kr. Þar af er óráðstað 116 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að drög að greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2013 væri samþykkt.

FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

Sandgerðisbær

Á fundi ráðgjafarnefndar 6. júní sl. samþykkti nefndin að leggja til að orðið yrði við beiðni innanríkisráðuneytisins um úthlutun framlags að fjárhæð 6 m.kr. vegna samkomulags innanríkisráðherra og bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar á grundvelli 83. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit í framhaldi af úttekt á rekstri og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Á fundinum var lagt fram til umfjöllunar erindi Sandgerðisbæjar, dags. 6. september 2012. Í erindinu er lýst þeirri vinnu sem fram hefur farið við fjárhagslega endurskipulagningu í sveitarfélaginu og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á rekstri sveitarfélagsins við samþykkt fjárhagsáætlunar ársins 2012 í kjölfar ítarlegrar úttektar á rekstri sveitarfélagsins. Fram kemur að góður árangur hafi náðst og áætlanir liggja fyrir um hvernig unnt sé að koma rekstri sveitarfélagsins í viðunandi horf.

Til að ná settum markmiðum óskar sveitarfélagið nú eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 200 m.kr. Rökstuðningur fyrir beiðninni kemur fram í erindi sveitarfélagsins.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að afgreiðslu á erindi Sandgerðisbæjar væri frestað og leitað yri umsagnar eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um beiðni sveitarfélagsins.

Grundarfjarðarbær

Lagt var fram til umfjöllunar erindi Grundarfjarðarbæjar, dags. 17. september 2012. Í erindinu er gerð grein fyrir lausafjávanda sveitarfélagsins og óskað eftir fyrirframgreiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fjárhæð 45 m.kr. um næstu mánaðamót.

Í erindi sveitarfélagsins er jafnframt óskað eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði vegna úttektar á rekstri sveitarfélagsins og vinnu við endurskipulagningu á fjármálum þess.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að afgreiðslu á erindi Grundarfjarðarbæjar vegna lausafjávanda sveitarfélagsins væri frestað og leitað yri umsagnar eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um beiðni sveitarfélagsins.

Nefndin samþykkti jafnframt að leggja til að sjóðurinn kæmi að kostnaði vegna úttektar á rekstri sveitarfélagsins og vinnu við endurskipulagningu á fjármálum þess með úthlutun framlags að fjárhæð allt að 3 m.kr. enda færi úttektin fram í samráði við EFS.

JÖFNUN Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS

Fyrsta tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga á árinu 2013

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fyrsta tillaga að áætluðum framlögum til jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti á árinu 2013. Áætlunin er byggð á útreiknuðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 2.998 m.kr., sbr. frumvarp til fjárlaga 2013.

Á grundvelli reglugerðar nr. 80/2001 um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, skal Jöfnunarsjóður greiða sveitarfélögum framlag fyrirfram sem nemur 60% af áætluðu framlagi ársins eða 1.798,8 m.kr. Útreikningur áætlaðra framlaga til sveitarfélaga er miðaður við álagningarstofna sem eru í gildi á árinu 2012 og álagningarhlutföll þess árs. Greiðslan er innt af hendi með fimm jöfnum greiðslum mánuðina febrúar til júní 2013.

Við útreikning framlaganna er tekið mið af breytingum á d-lið 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga frá 19. desember 2011. Með tilvísun til þessa eru framlögin til Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar, Fljótsdalshrepps, Ásahrepps og Grímsness- og Grafningshrepps skert um 100% á árinu 2013.

Uppgjör framlaganna fer fram mánuðina júlí til september 2013 á grundvelli upplýsinga frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna miðað við 31. desember 2012, um afslætti sveitarfélaga af fasteignaskatti á árinu 2013 og upplýsinga um álagningarhlutföll fasteignaskatts á árinu 2013.

Við tillögugerð að úthlutun áætlaðra framlaga til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts til Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Vopnafjarðarhrepps og Sveitarfélagsins Hornafjarðar viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Þórunn Egilsdóttir og Árni Rúnar Þorvaldsson af fundi, hver fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

ALMENNAR HÚSALEIGUBÆTUR

Tillaga að uppgjóri vegna ársins 2011

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að uppgjóri framlaga vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2011. Á framlögðu yfirliti kemur fram niðurstaða ársins 2011 hvað ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu framlaganna varðar sem staðfest hefur verið í ársuppgjóri sjóðsins.

Ráðstöfunarfjármagn sjóðsins nam samtals 1.970,3 m.kr. Til greiðslu komu samtals 1.823,7 m.kr. Óráðstafað er því samtals 146,6 m.kr. Með tilvísun til eftirstöðva af ráðstöfunarfjármagni sjóðsins vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2011 er lagt til að greiðsluhlutfall ársins 2011 verði hækkað úr 51,5% í 55,6%.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að greitt væri framlag að fjárhæð allt að 146,6 m.kr. til sveitarfélaga samkvæmt hlutfallsskiptingu greiðslna á árinu 2011.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA

Landshlutasamtök vegna samstarfsverkefna í tengslum við sóknaráætlanir landshluta

Greinargerðir samtakanna

Greinargerðir höfðu nú borist frá sjö landshlutasamtökum af átta í tengslum við úthlutun framlags að fjárhæð allt að 25 m.kr. á árinu 2012 vegna samstarfsverkefna sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríki þar um og í tengslum við framkvæmd sóknaráætlunar landshluta. Greinargerðirnar voru lagðar fram til umfjöllunar á fundinum.

Verklag

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að greitt væri sem fyrst framlag að fjárhæð 1 m.kr. til hverra landshlutasamtaka til að koma til móts við samtökin vegna þess kostnaðar sem nú þegar hefði fallið til vegna verkefnanna. Nefndin samþykkti jafnframt að leggja til að Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur, sem er starfsmaður Byggðastofnunar með aðsetur í innanríkisráðuneytinu og ráðin hefur verið til að vinna að sóknaráætlun landshluta, væri boðuð á næsta fund nefndarinnar.

Rekstur skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel

Frá árinu 2006 hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komið að rekstri skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel. Þann 30. desember 2009 gerðu Sambandið og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, samkomulag um rekstur skrifstofunnar á grundvelli 11. gr. reglugerðar nr. 113/2003, til þriggja ára. Samkomulagið rennur út 31. desember nk. Framlag ársins 2012 er áætlað rúmlega 16 m.kr.

Á fundinum var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 11. september 2012, um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til reksturs skrifstofu Sambandsins í Brussel á árunum 2013, 2014 og 2015. Um er að ræða framlag að fjárhæð 20,0 m.kr. árlega og er óskað eftir því að um 40% framlagsins taki breytingum samkvæmt launavísitölu en 60% taki mið af þróun meðalgengis íslensku krónunnar gagnvart evru frá mánuði til mánaðar.

Í umfjöllun nefndarinnar um umsóknina kom fram að helstu markmið með rekstri skrifstofunnar hefðu gengið eftir. Með tilvísun til þess samþykkti nefndin að leggja til að umsókn Sambandsins yrði tekin til greina á grundvelli framlaga til sérstakra verkefna, sbr. f-lið 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 enda mundi innanríkisráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga gera með sér samning þar að lútandi til þriggja ára um árlegt framlag að fjárhæð 20 m.kr. sem tæki þeim breytingum sem óskað er eftir í erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2012

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga um áætlaða úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2012. Áætlunin er unnin á grundvelli hámarkstekjumöguleika sveitarfélaga og eru eftirfarandi atriði lögð til grundvallar:

- Fjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2012, sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands.
- Hámarksálagning útsvars 14,48%, en við útreikning framlaganna kemur til frádráttar 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarsstofni vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar og 0,95% hlutdeild vegna yfirfærslu fatlaðra. Viðmiðunarprósenta útsvars við útreikning tekjujöfnunarframlaga á árinu 2012 vegna álagningar 2011 er því 12,76%. Hámarksálagning fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats, skv. a. lið 0,625%, skv. b. lið 1,320% og skv. c. lið 1,65%.

- Úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts að upphæð 2.930.346.000 kr.
- Samkvæmt 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, eru tekjur sveitarfélaga af meiriháttar fasteignaskattálagningu og framleiðslugjöldum teknar með í útreikningi á meðaltekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki í útreikningi á viðmiðunartekjum í viðkomandi flokki. Jafnframt skal við útreikning meðaltals skv. b-, c- og d-lið sleppa alveg einstaka sveitarfélögum þar sem tekjur eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks. Ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi miðað við fullnýtingu tekjustofna er lægra en allt að 97,0% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki, skv. 2. mgr., skal greiða sveitarfélagi tekjufjöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.
- Tekjufjöfnunarframlög til sveitarfélaga samkvæmt d-lið, með færri en 300 íbúa, taka mið af meðaltekjum sveitarfélaga samkvæmt c-lið, með 300 -1.999 íbúa, enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa í þéttbýli.
- Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með færri en 300 íbúa er meðaltekjum Skorradalshrepps sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Sú aðgerð leiðir til lækkunar meðaltekna viðmiðunarhópsins. Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.
- Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins er lagt til að jafnað verði að 95,4% að meðaltali á hvern íbúa og áætlað tekjufjöfnunarframlag nemi 1.247,9 m.kr.

Gert er ráð fyrir að 3/4 hlutar framlaganna komi til greiðslu í byrjun október eða samtals 935,9 m.kr. en fjórðungur komi til greiðslu í árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu að áætlun um úthlutun tekjufjöfnunarframlaga á árinu 2012, samtals að fjárhæð 1.247,9 m.kr.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Skólaakstur

Akureyrarkaupstaður

Fyrir liggur samþykkt ráðgjafarnefndar um aðkomu að kostnaði Akureyrarkaupstaðar vegna skólasóknar nemenda í 9. og 10. bekk úr Grímsey til Akureyrar. Á árinu 2011 var kostnaðurinn 1.204.460 kr.

Fram hefur komið beiðni í tölvupósti um að samþykktin gildi frá skólaárinu 2010 – 2011.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að fresta ákvörðun um úthlutun framlags og lagði til að beiðnin væri rædd frekar á næsta fundi þegar fyrir lægi tillaga um breytingu á vinnureglum vegna úthlutunar framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli.

Fyrir liggur fyrirspurn hjá sjóðnum frá Akureyrarkaupstað um aðkomu sjóðsins að akstri nemenda úr Hrísey í grunnskóla á Akureyri vegna valgreina einu sinni í viku.

Að mati ráðgjafarnefndar fellur sá akstur ekki undir vinnureglur sjóðsins vegna skólaaksturs úr dreifbýli.

Fljótaldalshérað

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Fljótaldalshéraðs, dags. 5. september 2012. Í erindinu er gerð grein fyrir erfiðleikum við skólaakstur nemanda með búsetu í Möðrudal á Fjöllum sem á skólagöngu í Brúarásskóla. Óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sem nemur framlagi vegna skólaaksturs úr Möðrudal í Brúarásskóla til að mæta hluta af þeim kostnaði sem hlýst af skipulagi skólagöngu viðkomandi nemanda þó framkvæmd skólagöngu hans verði hagað með öðrum hætti en með daglegum akstri vegna þeirrar einstöku aðstæðna sem hér um ræðir.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að verða við óskum Fljótshéraðs um framlag sem tæki mið af akstri frá Möðrudal á Fjöllum í Brúarásskóla.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS

Endurskoðun samninga við Reykjavíkurborg

Skilabréf starfshóps

Lagt var fram til kynningar skilabréf starfshóps sem innanríkisráðherra skipaði í ársbyrjun 2011 til að endurskoða eftirtalda samninga sem gerðir voru milli Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélag í tengslum við yfurfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga 1. ágúst 1996. Starfshópurinn hefur nú lokið störfum.

- Samningur um kennslu langveikra barna á grunnskólaaldri sem eiga lögheimili utan Reykjavíkurborgar en dvelja á sjúkrahúsum í borginni.
- Samningur um kennsluráðgjöf vegna nýbúa á grunnskólaaldri í sveitarfélögum öðrum en Reykjavíkurborg.
- Samningur um yfirtöku Reykjavíkurborgar á rekstri þeirra sérskóla og sérdeilda sem staðsett eru í Reykjavík og starfa á grunnskólastigi.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA

ÁLIT REIKNINGSSKILA- OG UPPLÝSINGANEFNDAR

Viðbrögð Jöfnunarsjóðs

Lagt var fram til kynningar á nýjan leik álit reikningsskila- og upplýsinganefndar um flæði fjármagns, vegna yfurfærslu á málefnum fatlaðs fólks, í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.

Í álitinu er reifað það fyrirkomulag sem viðhaft er við útteilingu fjármuna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þjónustusvæða vegna yfurfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Er það niðurstaða nefndarinnar að eðlilegast hefði verið og í samræmi við tvö stjórnsýslustig að allar greiðslur færu alfarið til sveitarfélaga eftir útreikningum þar um.

Fram kom að Kristján Jónasson, formaður reikningsskila- og upplýsinganefndar, flytji erindi um álitid á ársfundi Jöfnunarsjóðs þann 26. september nk.

EFLING TÓNLISTARFRÆÐSLU

Leiðrétting framlaga og viðbótarframlag vegna skólaársins 2011 – 2012

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að uppgjöri framlaga og viðbótarframlags vegna skólaársins 2011 – 2012.

Í viðræðum ríkis og sveitarfélaga um uppgjör framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda skólaárið 2011 – 2012 hefur orðið að samkomulagi að framlag ríkisins hækki um 40 m. kr. og verði kr. 520 m.kr. skólaárið 2011 – 2012.

Útreikningur viðbótarframlags til sveitarfélaga fer fram með annarri aðferðafræði en útreikningur framlaga fyrir skólaárið 2011 – 2012. Tekið er mið af heildarkennslumagni tónlistarskóla í sveitarfélagi eins og það liggur fyrir á haustönn 2012 miðað við fjölda nemenda á skólaárinu 2011 – 2012. Viðbótarframlag tekur eingöngu mið af skólum sem hafa fleiri en 75 nemendur í miðnámi í söng eða framhaldsnámi enda reiknast sérstakt álag til kennara samkvæmt kjarasamningi tónlistarkennara til þeirra skóla.

Í ljósi þess að framlög vegna hljóðfæranáms á grunn- og miðstigi og söngnáms á grunnstigi, sbr. 7. gr. reglnanna, voru hærri en áætlun gerði ráð fyrir er lagt til að viðbótarframlag sem komi til greiðslu verði 36 m.kr. og renni allt til Reykjavíkurborgar að teknu tilliti til kennslumagns á skólaárinu 2011 – 2012.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að tillaga um úthlutun viðbótarframlags til eflingar tónlistarnámi skólaárið 2011 – 2012 væri samþykkt.

Ný aðferðafræði við útreikning framlaganna - Verklag

Miklar umræður hafa staðið yfir síðustu mánuði milli ríkis og sveitarfélaga um þróun samkomulagsins og mögulegt viðbótarframlag til að rétta hlut stóru skólanna á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaða þeirra umræðna liggur nú fyrir og verður framlagið í Jöfnunarsjóð á grundvelli samkomulagsins hækkað úr 480 m.kr. í 520 m.kr. á gildistíma þess. Viðbótarfjárförfin var metin rúmlega 100 m.kr. en fulltrúar ríkisins telja að sveitarfélögin sjálf verði að bera áhrif kjarasamninganna og þar sem sveitarfélögin taka ekki yfir viðbótarverkefni á móti varð niðurstaðan 40 m.kr. viðbót. Jafnframt var lagt til að aðferðafræðinni við útteilingu fjármagnsins yrði breytt svo um markvissari úthlutun framlaga væri að ræða.

Með tilvísun til þess að um markvissari úthlutun framlaga verði að ræða verða framlög til eflingar tónlistarnámi skólaárið 2012 - 2013 greidd til sveitarfélaga eftir annarri aðferðafræði en framlögin á skólaárinu 2011 -2012. Tekið verður mið af heildarkennslumagni tónlistarskóla í sveitarfélagi á skólaárinu í stað þess að miða framlagið við fjölda nemenda.

Fyrri tillaga að úthlutun framlaga vegna skólaársins 2012 -2013

Sveitarfélög sendu inn umsóknir sínar í ágúst sl. vegna viðurkenndra tónlistarskóla í sveitarfélögunum. Einhverjar breytingar hafa átt sér stað á nemendum frá þeim tíma, einhverjir hafa hætt og jafnvel aðrir komið í staðinn. Álitid er að grunnurinn til að byggja úthlutun skólaársins á sé ekki alveg nægjanlega traustur. Með tilvísun til þessa hefur verið lagt til að um bráðabirgðaúthlutun framlaga til sveitarfélaga verði að ræða í september til desember. Í október nk. verður óskað eftir staðfestingu sveitarfélaga um nám og fjölda nemenda í hverjum skóla. Endurskoðuð áætlun verður lögð fram í ársbyrjun sem gildir fyrir skólaárið 2012 - 2013, þ.e. til loka samningstímabilsins. Við greiðslu framlagsins í janúar fari fram leiðrétting vegna mánaðanna september til desember. Samhliða liggja fyrir endurskoðaðar reglur um útreikning framlagsins á skólaárinu 2012 - 2013.

Lagt er til að 510 m.kr. verði dreift á grundvelli 2. mgr. 1. gr. nógildandi reglna þ.e. vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna söngnáms á miðstigi og söng- og hljóðfæranáms á framhaldsstigi. Um jafnar mánaðarlegar greiðslur er að ræða til kennslusveitarfélaga nemendanna á skólaársgrunni, þ.e. á tímabilinu september til ágúst. Samkvæmt áætlun er mánaðargreiðsla til sveitarfélaga 42,5 m.kr.

Eftirstöðvar framlagsins, 10 m.kr. munu renna til úthlutunar framlaga á grundvelli 7. gr., mögulegra umsókna vegna kostnaðar af langtímaforföllum o.fl.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna hljóðfæranáms á grunn- og miðstigi og söngnáms á grunnstigi, sbr. 7. gr reglnanna, munu verða birtar þegar úrvinnsla hefur farið fram á umsóknum lögheimilissveitarfélaga nemendanna þar að lútandi.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að bráðabirgðaúthlutun framlaga mánuðina september - desember nemi samtals 170 m.kr. og taki mið af jöfnum greiðslum, 42,5 m.kr., í hvert sinn. Eftirfarandi bókun var gerð:

„Tillaga ráðgjafarnefndar um áætlaða úthlutun framlaga mánuðina september til desember er gerð með fyrirvara um endurskoðun þegar leiðréttingar á nemendaskrá tónlistarskóla hafa farið fram og endanlegar reglur um úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda á skólaárinu 2012 – 2013 liggja fyrir.“

ÖNNUR MÁL

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012

Fundargerð frá ársfundi 2011

Lögð var fram til kynningar fundargerð frá ársfundinum 2011 sem var samþykkt án athugasemda.

Drög að dagskrá og fyrirkomulag

Lögð voru fram til kynningar drög að dagskrá ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012, sem haldinn verður á Hilton Hótel Nordica miðvikudaginn 26. september nk. kl. 16:00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 14:00.

Næsti fundur verður um miðjan október nk. og verður boðaður sérstaklega

Halldór V. Kristjánsson